

samningi og gera tillögu að fyrirkomulagi til framtíðar.

Sveitarstjórn samþykkir að óskað verði eftir áframhaldandi undanþágu til næstu þriggja ára frá átta þúsund íbúa lágmarki vegna landfræðilegra aðstæðna í samstarfi við Norðurþing, Skútustaðahrepp, Langanesbyggð, Svalbarðshrepp og Tjörneshrepp.

2. Erindi - Urðarbrunnur

Fyrir fundinum liggur erindi frá Baldri Daníelssyni f.h. Urðarbrunnis, dags. 28. október s.l. þar sem hann óskar eftir fjárstyrk að upphæð 500 þús. kr. til að merkja örnefni í sveitarfélaginu inn á kortagrunn Landmælinga Íslands. Heildarkostnaður við verkið er kominn í 5,2 millj.kr. og fékkst m.a. styrkur úr Vaxtarsamningi Norðausturlands að upphæð 2 millj.kr. en afganginn hafa Urðarbrunnur og Landmælingar Íslands fjármagnað.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og vísar til gerðar fjárhagsáætlunar.

3. Erindisbréf Skipulags- og umhverfisnefndar

Lagt fram að nýju erindisbréf Skipulags- og umhverfisnefndar en samkvæmt bókun sveitarstjórnar á fundi þann 30. október s.l. var afgreiðslu frestað.

Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið.

4. Tækifærisleyfi – Jón Þórir Óskarsson

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík dags. 4. nóvember s.l. þar sem Jón Þórir Óskarsson sækir um tækifærisleyfi vegna skemmtanahalds. Er hér um að ræða ungmennafélagssamkomu og dansleik í sal á Illugastöðum þann 7. nóvember 2014.

Sveitarstjórn samþykkti tækifærisleyfið milli funda þann 5. nóvember s.l. og gerði ekki athugasemd fyrir sitt leyti.

5. Skipulagsmál sveitarfélaga

Tekið til umræðu skipulagsvald sveitarfélaga. Fundarmenn sammála um mikilvægi sjálfstjórnar sveitarfélaga í skipulagsmálum.

6. Fjárhagsáætlun 2015

Fjárhagsáætlun 2015 tekin til umræðu. Sérstaklega rætt um grundvöll gjaldskráa.

7. Skýrslur vegna Þingeyjarskóla

Lagt til samkvæmt tillögu frá T-lista að skýrslu um rekstur og framtíðarskipulag Þingeyjarskóla, skýrslu um skólaskipan Þingeyjarskóla og skýrslu um viðhalds- og rýmisþörf Þingeyjarskóla, verði vísað til umsagnar í fræðslunefnd.

Samþykkt samhljóða

Lagt fram til kynningar:

- Fundargerð 821. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga 2014
- Fundargerð aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum 2014

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.14:40

Arnór Benónýsson

Árni Pétur Hilmarsson

Heiða Guðmundsdóttir

Ragnar Bjarnason

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson



Íbúar Þingeyjarsveitar

Oddviti sveitarstjórnar, Arnór Benónýsson verður með viðtalstíma í Kjarna n.k. mánudag 24. nóvember milli kl. 11:00 og 12:00.

Á þessum tíma svarar oddviti einnig síma og tölvupósti eftir því sem kostur er. Sími oddvita er 661 6292 og netfang arnor@thingeyjarsveit.is

Sveitarstjóri

**Lokaútkall ársins hjá
Vaxtarsamningi Norðausturlands**

Ertu með hugmynd að verkefni sem eflir atvinnulíf og búsetuskilyrði á svæðinu?

Við hvetjum þig til að hafa samband og kynna þér málið!

Síðasti umsóknarfrestur ársins er föstudaginn 5. desember nk.

Gert er ráð fyrir að afgreiðsla umsókna liggja fyrir um 10 dögum eftir umsóknarfrest.

Umsóknargögn má finna á vefsíðunni www.atthing.is
og starfsmenn atvinnuþróunarfélagsins veita
upplýsingar og aðstoð við gerð umsókna.

Ari Páll, Jóna og Reinhard

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga • Garðarsbraut 5, Húsavík • sími 464-0415



Fjölskylduguðspjónusta í Lundarbrekkukirkju

Fjölskylduguðspjónusta verður í Lundarbrekkukirkju
sunnudaginn 23. nóvember kl. 16.00. Söngvar og
biblíusaga, börnin fá plakat og biblíumyndir, við
kynnumst Holy Moly og brúðgestir líta við. Dagný
Pétursdóttir leikur á orgelið. Allir velkomnir.

Sjáumst í fjölskylduguðspjónustu!



Fundargerð Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 13.11.2014

157. fundur -sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 13. nóvember kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson,
Heiða Guðmundsdóttir, Arni Pétur Hilmarsson, Sigurður Hlynur
Snæbjörnsson og Ragnar Bjarnason.
Að auki sat fundinn Margrét Snorradóttir sem ritaði fundargerð í
forföllum Dagbjartar Jónsdóttur sveitarstjóra.

Oddviti setti fund. Fulltrúar T-lista óskuðu eftir að bæta á dagskrá undir
7. lið; Skýrslur vegna Þingeyjarskóla.

Dagskrá:

1. Þjónustusamningur vegna málefna fólks með fötlun
2. Erindi – Urðarbrunnur
3. Erindisbréf Skipulags- og umhverfisnefndar
4. Tækifærisleyfi – Jón Þórir Óskarsson
5. Skipulagsmál sveitarfélaga
6. Fjárhagsáætlun 2015
7. Skýrslur vegna Þingeyjarskóla

1. Þjónustusamningur vegna málefna fólks með fötlun

Tekið til umræðu að nýju samningur um sameiginlegt þjónustusvæði í
Þingeyjarsýslum um þjónustu við fólk með fötlun. Óskað hefur verið
eftir afstöðu Þingeyjarsveitar til umsókna um áframhaldandi
undanþágu vegna landfræðilegra aðstæðna frá átta þúsund íbúa
lágmarki þjónustusvæða sem sett var við yfirfærslu málaflokksins til
sveitarfélaganna árið 2011. Samkvæmt bókun sveitarstjórnar á fundi
þann 30. október s.l. var óskað eftir fundi með fulltrúum Norðurþings
sem er leiðandi sveitarfélag á umræddu þjónustusvæði og átti fundurinn
sér stað þann 10. nóvember s.l. Á þeim fundi var samþykkt að skipa
starfshóp til að vinna að endurskoðun á fyrirkomulaginu. Samþykkt að
í þeirri vinnu felist að gera úttekt á þjónustunni samkvæmt núverandi

Aðventuhátíð Jólaveinanna í Dimmuborgum og Markaðsdagur

Aðventuhátíð Jólaveinanna í Dimmuborgum verður laugardaginn 29. nóvember kl. 13-17.

Jólaveinarnir í Dimmuborgum eru í fullu fjöri að undirbúa sig fyrir jólin. En þeir ætla að gefa sér tíma til að taka á móti gestum, spjalla, syngja, segja sögur, fara í leiki, flokka "óþekktarkartöflur" og margt fleira skemmtilegt. Sama dag verður markaðsdagur í Dimmuborgum þar sem seldar verða hinar ýmsu vörur sem henta vel í jólapakkann.

Jólaveinarnir í Dimmuborgum taka á móti gestum alla daga frá kl. 13-15. til og með 31. desember 2014.

Grylusjóður er á sínum stað á Hallarflötinni þar sem gestir eldri en 18 ára greiða 1.000 kr.

Nánari upplýsingar á www.visitmyvatn.is



Mývatnssveit töfraland jólanna



Dansæfing



Fyrsta dansæfingar haustsins verður í Ljósvetningabúð föstudagskvöldið 28. nóvember frá kl.20:30-22:30.
Allir hjartanlega velkomnir
Miðaverði 500 kr

Stjórnin

-Sveitabrauð Granastöðum auglýsir-

Nú eru jólin á næsta leiti og ætla ég að bjóða uppá laufabrauð, bæði steikt og ósteikt til sölu.

Smákökur, tertubotnar og rúgbrauð er einnig í boði og að sjálfsögðu soðna og steikta brauðið.

Tertur við öll tækifæri færðu hjá okkur.

Nánari upplýsingar í síma 8980463, eða á netfangið granastadir@magnavik.is og þið finnið okkur líka á facebook, Sveitabrauð/Granastaðir ehf.

Bestu kveðjur, Svana

Jólamarkaður – viltu taka þátt?

Í ár verða tveir markaðsdagar í Mývatnssveit. En þeir verða haldnir í tengslum við Aðventuhátíð í Dimmuborgum og hinu árlega jólabaði jólaveinanna í Jarðböðunum við Mývatn. Markaðsdagarnir verða:

- ♦ Í Dimmuborgum 29. nóvember frá kl. 13-17 (utandyra/í tjaldi).
Síðasti skráningadagur er 24. nóv.
- ♦ Í Jarðböðunum við Mývatn 13. desember frá kl. 14-18.

Leiga á borði er sem fyrr kr. 4.500,-

Skráning og nánari upplýsingar í Mývatnssstofu. Vinsamlegast sendið póst á Guðrúnu Brynleifsdóttur, gudrun@visitmyvatn.is eða hringið í síma: 464 4390 / 898 9820.

Mývatnssveit töfraland jólanna



jóla BINGÓ

Nemendur í 9. og 10. bekk halda
Bingó í Stórutjarnaskóla

Laugardaginn

22. nóvember kl. 13:30.

Eftirtaldir stykja Bingóið með vinningum. Jólatri frá
Skógrækt ríkisins, laufabrauð frá Sveitabrauð
Granastöðum, Surtla, Stóruvellir ehf, Narfastaðir,
Snyrtipinninn, Goðafoss ehf, Kiðagil, Dalakofinn,
Golfskálinn í Lundi, Samgönguminjasafnið, Jarðböðin,
Sólskógar, Keilan, Heimabakarí, Djulsdesign, Ekran,
Höfði, Greifinn, Arona, Kaffibrennslan, Kjarnafæði,
Ósk Merki, Friðrika Bjarnastöðum, Sigríður Víðikeri,
Kristín Lækjarvöllum, Gunna Lyngbrekku,
Reyktur silungur úr Svartáarkoti, nudd hjá Möllu.

Kærar þakkir fyrir stuðninginn.

Bingóspjaldið kostar 600kr.

Boðið verður uppá Kaffi, djús og smákökur
frítt í hléi.

46.tbl.
20. nóvember
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Árshátíð Hafralækjarskóla 2014

verður haldin að Ýdölum

föstudaginn 21. nóvember og hefst kl. 20:30.

Sýndur verður fjölskyldusöngleikurinn

Ballíð á Bessastöðum eftir Gerði Kristnýju.

Bragi Valdimar Skúlason samdi lögin við verkið.

Að leiksýningu lokinni verður kaffisala og
hlutavelta til fjáröflunar fyrir ferðasjóð nemenda.
Hljómsveit leikur fyrir dansi til kl. 00:30.

Miðaverð: kr. 1.500 fyrir fullorðna og kr. 500 fyrir börn á
grunnskólaaldri sem búa utan skólasvæðis Þingeyjarskóla.

Athugið! Ekki er hægt að greiða með korti.

Allir hjartanlega velkomnir!

Nemendur og starfsfólk Hafralækjarskóla.

